



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@mvv.is

Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.

12. fundur.

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps mánudaginn 23. janúar kl. 10:00. Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir. Pétur Snæbjörnsson boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. Fundarsetning.**
Formaður setti fund og bauð menn velkomna.
- 2. Umsókn um byggingarleyfi vegna framkvæmda við íbúðarhús að Álftagerði III.**
Fyrir fundinum liggur umsókn um byggingaleyfi vegna framkvæmda við íbúðarhús að Álftagerði 3. Fyrirhugað er að byggja bílskúr með íbúðarrisi, gera skipulagsbreytingar innanhúss auk þess að einangra og klæða allt húsið. Meðfylgjandi er teikningar og skriflegt samþykki nágretta og meðeigenda. Þar sem nefndar breytingar eru ekki samkvæmt deiliskipulagi óskar byggingarfulltrúi eftir umsögn Skipulags- og umhverfisnefndar um málið. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að verða við erindinu.
- 3. Deiliskipulag af þéttbýlinu í Reykjahlíð.**
Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að hefja sem allra fyrst vinnu við gerð deiliskipulags af leigulandi sveitarfélagsins.
- 4. Önnur mál.**
Undir þessum lið var rætt um aðstöðumun þeirra íbúa í sveitarfélaginu sem ekki hafa aðgengi að þriggja fasa rafmagni. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að óska eftir upplýsingum frá Rarik um hvaða áætlanir fyrirtækið hafi um úrbætur hvað þetta varðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið
Margrét H. Valsdóttir
Karl E. Sveinsson
Birgir Steingrímsson
Eyrún Björnsdóttir

